

Fundargerð 8.fundar stjórnar SSA haldinn 21. febrúar 2023 í Þingmúla í Valaskjálfi á Egilsstöðum og hófst fundurinn kl 12:00 með sameiginlegum hádegisverði stjórnar og gesta.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lilly Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir gestir undir lið 1: Björn Ingimarsson, Jónína Brynjólfssdóttir, Guðný Lára Guðrúnardóttir, Ívar Hafliðason, Eyþór Stefánsson, Vilhjálmur Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Björg Eyþórsdóttir og Þróstur Jónsson. Sæunn Stefánsdóttir fulltrúi í stjórn Austurbrúar sat einnig fundinn sem gestur. Gestur undir lið 2 var Ásgeir Rúnar Harðarson umdæmisstjóri Isavia.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundur með fulltrúum Múlaþings

- *Björn Ingimarsson fór yfir helstu málefni á vettvangi Múlaþings. Sagði hann enn verið að vinna í málum tengdum sameiningunni en stóru málin væru samgöngumál; Fjarðarheiðargöng og Egilsstaðaflugvöllur ásamt uppbyggingu og þróun tengt þjónustu sveitarfélagsins sem og annarra þjónustuaðila á svæðinu. Umræður voru um ýmis áherslumál á vettvangi sveitarfélagsins s.s. framboð á húsnæði, störfum o.fl.*
- *Ásgeir Rúnar Harðarson umdæmisstjóri Isavia kom inn á fundinn kl 13:30 og kynnti framtíðaráform um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Ýmsar umræður sköpuðust um uppbyggingu og þróun Egilsstaðaflugvallar meðal fundarmanna sem og tækifærin sem sköpuðust með beinu millilandaflugi Condor frá Frankfurt í Egilsstaði sumarið 2023.*

Stjórn þakkaði fyrir góðan fund, gagnlegar og upplýsandi umræður sem og góða kynningu frá Isavia. Gestir fundarins undir lið 1 yfirgáfu fundinn kl. 14:30

Öðrum boðuðum dagskrárliðum fundarins var frestað til næsta fundar sem boðaður var föstudaginn 24. febrúar.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl. 14:30.